

## Fundargerð stjórn ÍSS 2023 - 2024

<b>Fundarstjóri:</b> Svava Hróðný Jónsdóttir			<b>Fundur nr.:</b> 7		
<b>Fundarritari:</b> Guðrún Brynjólfsdóttir			<b>Staðsetning:</b> fjarfundur		
<b>Mætt:</b> Svava Hróðný Jónsdóttir (SHJ) Ingibjörg Pálsdóttir (IP) Þóra Sigríður Torfadóttir (ÞST) Lonni Björg Hansen (LBH) Rakel Hákonardóttir (RH) Kristel Björk Þórisdóttir (KBÞ) Guðrún Brynjólfsdóttir (GB)  Framkvæmdastjóri	<b>TEAMS</b>	<b>Fjarverandi</b>	<b>Dags :</b>	07/11/23	
			<b>Frá :</b>	19:05	
			<b>Næsti fundur:</b>		5. desember kl. 19
<b>Aðrir:</b>					

### Fundarefni

1. **Samþykkt fundargerð síðasta fundar**  Lokið  Ólokið  
**Samþykkt**

2. **Samskiptaráðgjafi**  Lokið  Ólokið  
 Erindi sem var sent til samskiptaráðgjafa eftir landsliðsferðina til Póllands,  
 a. Mikilvægt að stjórn viti að það eru verkferlar fyrir svona mál hjá samskiptaráðgjafa  
 b. Spurning um hvort væru komir fleiri samskiptaráðgjafa. Þeir eru tveir, með eitt netfang.  
**Umsjónarmaður: Samskiptaráðgjafi**

3. **Special Olympics verkefni**  Lokið  Ólokið  
 Hugmyndir um að árlega yrði Special Olympics skautavika. Hluti af stærri hugmynd þar sem þróunarverkefni fái sína eigin viku þar sem mikið er lagt í tiltekið mál í þróun.  
 Enn rými fyrir þróun í Special Olympics. Vilja ákeðinn stuðning frá Skautasambandinu.  
 Tvíþætt: Annars vegar hægt að styrkja þetta í eitt skipti, hins vegar til framtíðar.  
 Sjálfsagt að borga fræðslu fyrir dómara - það fellur undir það sem sambandið á að gera.  
 Erfiðara að finna hvaðan peningur á að koma til þess að borga fyrir ístíma.  
 Mögulega hægt að skoða hvort hægt væri að vera í samstarfi við ÍF.  
 Passa að fræðslan sé innan þess ramma að kostnaður gangi upp.

María bendir á að hægt sé að samþykkja vikuna sér og útfærsluna sér.

**Niðurstaða:** Samþykkjum Special Olympics vikuna en getum ekki samþykkt ákveðna útfærslu á henni fyrr en við höfum átt samtal við ÍF og skoðum kostnað, hentugar dagsetningar og annað.

Formaður og framkvæmdarstjóri byrja samtalið við ÍF og þegar það er komið af stað tekur stjórn ákvörðun um hver er tengiliður við ÍF og Öspina í framhaldinu.

**Umsjónarmaður:** Skrifstofa og formaður

#### 4. Starfsfólk á panel

Staðfesting á því sem fór fram í gegnum tölvupóst

Lokið  Ólokið

**Niðurstaða:** Samþykkt í tölvupóstsamskiptum

**Umsjónarmaður:** Formaður sendir á Laganefnd og Tækninefnd

#### 5. ISU Congress tillögur til breytinga á Constitution

Lokið  Ólokið

Tillaga frá Maríu. Hún og Svava höfðu rætt hvernig kosningar á þingunum sem þær höfðu farið á. Kosningar fara fram rafrænt ef þess er óskað eða ef það er ekki talið að hægt sé að telja nógu nákvæmt spjöldin í salnum, það er þá gert eftir að fólk kys með spjöldum í salnum.

Þá getur fólk skipt um skoðun og aðrir haft áhrif á kosningar, með því að rétta spjöldin upp er aldrei leynileg kosning. Það er þekkt að lönd kúgi aðra til þess að kjósa með sér. Það er nákvæmara, skilvirkara þá er ekki hægt að hafa áhrif á aðra á sama hátt og nú er.

Breytingartillaga þarf að berast fyrir 1.des. Höfum möguleika á að breyta henni eftir það. Á Nordic meeting eru tillögurnar ræddar meðal Norðurlandanna og við getum fengið ábendingar á breytingartillöguna og fengið að vita hvort hin Norðurlöndin styðja hana.

Svissnesk lög eiga við sem getur flækt hlutina. ISU constitution er byggt á svissneskum lögum.

Margir eru hlynntir open voting en þetta er amk tækifæri til þess að ræða hvers vegna hlutirnir eru eins og þeir eru núna.

Það getur skemmt lýðræði að fá að kjósa tvisvar. Mikilvægasta breytingin er að kosið sé aðeins einu sinni. Ef við fáum ekki meðbyr með þessari tillögu væri hægt að halda aðeins því inni og taka út tillögu um að breyta úr opinni kosningu í leynilega.

Eru einhverjar aðstæður þar sem opnar kosningar eru góðar? Opnar kosningar verða til þess að maður þarf að standa við það sem maður kys um. Ingibjörg talar um að mögulega væri hægt að óska eftir open voting í undantekningatilfellum, t.d. ef  $\frac{2}{3}$  vilja hafa open voting.

Hafa ekkert open voting í fyrstu tilraun. Ef við fáum tillögur frá öðrum löndum um að open voting verði rauði þráðurinn í umræðunni um tillöguna getum við endurskoðað tillöguna.

Breyta henni eftir nordic meeting ef þau koma með tillögu, fá álit frá Kanada. Vera með tilbúna aðra tillögu þegar við mætum á þingið ef til þess kemur að við höldum að þetta verði ekki samþykkt svona. Það væri í þróun frá 1.janúar þegar að við vitum hvað skautahéminum finnst um þetta.

**Niðurstaða:** Samþykkt að leggja tillöguna fram svona og gera breytingar seinna ef þörf er á.

**Umsjónarmaður: Formaður og framkvæmdarstjóri**

**6. Skautarar sem ekki hafa náð inn í afreksþóp en eru nálægt því**

Lokið  Ólokið

Það eru æfingabúðir í beinu framhaldi af Íslandsmóti.

Ef þær ná viðmiðum á Íslandsmóti eiga þær þá að fá þáttökuna endurgreidda? Spurningin er hvort þurfi að ná inn í afreksþóp áður en skráningu líkur eða áður en afreksbúðir fara framm.

María leggur til að sú ákvörðun sem við tókum muni eiga við áfram, ekki aðeins í þetta skiptið.

**Niðurstaða:** Við endurgreiðum ekki eftir að skráningu líkur

**Umsjónarmaður: Formaður**

**7. Önnur Mál**

Lokið  Ólokið

**Staða tækninefndar:**

Guðrún og María ræddu stöðu tækninefndar. Halla formaður hefur verið í leyfi í hálf ár í janúar. María stakk upp á að tækninefnd mundi hittast einn dag og vinna langan vinnufund 6-8 klst og afgreiða öll mál sem þarf að afgreiða. María er tilbúin að vera nefndinni innan handar. María aðstoðar við að finna aðstöðu og mat. Guðrún fer í að skipuleggja dagsetningu með aðstoð Maríu og koma þessu í gang.

**RIG:**

María minnir á mikilvægi þess að fá sjálfboðaliða og að nefndin byrji að horfa í kring um sig. Vaktimar verða styttri of afslappaðari en í fyrra þar sem ekki verður Nordics þetta árið..

**Góður árangur á alþjóðlegu móti:**

Gaman að segja frá því að landsliðið var að keppa í Katowice og Júlía Sýlvía fékk þar brons í Senior flokki - við eigum ekki mörg senior verðlaun á alþjóðlegum mótum og eru þetta því gleðifréttir fyrir íþróttina.